Reglur um húsaleigustyrki Fjallabyggðar til aðildarfélaga UÍF.

1.gr. Fjallabyggð styrkir aðildarfélög ÚÍF um frí afnot af íþróttamannvirkjum Fjallabyggðar til æfinga.

2.gr. Til íþróttamannvirkja samkvæmt reglum þessum teljast íþróttamiðstöðvar Fjallabyggðar, (íþróttasalir, sundlaugar og þrekaðstaða) og íþróttasalur grunnskóla við Norðurgötu (Siglufirði).

3.gr. Fjallabyggð hefur forgang að notkun íþróttamannvirkja á skólatíma fyrir nemendur grunnskóla. Almenna reglan er að nemendur grunnskóla og MTR hafi fyrsta forgang, íþróttafélög fá úthlutaða tíma eftir að skólatíma líkur til 19:00 á daginn og síðan eru almennir tímar.

4.gr. Forsenda þess að félag fái styrk er að það sé fullgildur aðili að UÍF. Styrkurinn nær til íþróttaæfinga barna og unglinga auk æfinga fatlaðra 18 ára og eldri svo og aldraðra.

5. gr. Styrkveitingar miðaðst við tvö tímabil;

- vetrarúthlutun fyrir tímabilið september – maí
- sumarúthlutun fyrir tímabilið júní – ágúst

6. gr. Umsóknir um úthlutanir skulu berast til íþrótta- og tómstundafulltrúa Fjallabyggðar eigi síðar en 15. ágúst vegna vetrarúthlutunar og fyrir 15. maí vegna sumarúthlutunar. Eftir að grunnskóli og MTR hafa skilað sínum tímum sér Íþrótta- og tómstundafulltrúi um að útdeila tímum til félaga UÍF í samráði við aðalstjórn UÍF. Um er að ræða tíma dags sem getið er um í 3.gr. Æfingatöflur skulu liggja fyrir eigi síðar en 25. ágúst vegna vetrartímabils og eigi síðar en 25. mai vegna sumartímabils. Æfingatöflur taka gildi þegar þær hafa verið samþykktar af stjórn UÍF og fræðslu- og frístundanefnd Fjallabyggðar.

7. gr. Fyrir hvert mannvirki (íþróttasal) skal vera til staðar dagbók/skráningarform þar sem skráðar eru upplýsingar um æfingar og keppni; iðkendafjöldi, flokkur(aldur) og kynjaskiptingu. Í dagbók skulu skráðar skýringar á ónýttum tímum.

8. gr. Tímum sem eru illa eða vannýttir eða ráðstafað á annan hátt en samkvæmt reglum þessum, verður ráðstafað annað ef ekki fást viðhlítandi skýringar frá viðkomandi aðildarfélagi.

9. gr. Íþrótta- og tómstundafulltrúi skal um hver mánaðarmót senda stjórn UÍF afrit af skýrslu um nýtingu tíma undangengis mánaðar.

10. gr. Styrkir (húsaleiga) miðaðst svið samþykkta gjaldskrá bæjarins og færast sem styrkir á viðkomandi félag.

11. gr. Æfingatímum á stórhátíðisdögum (nýársdag, föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag, 17. júní, aðfangadag, jóladag og gamlársdag) verður ekki úthlutað og teljast ekki styrkhæfir. Komi til mögulegs aðgangs að íþróttamannvirkjum á slíkum dögum skal sækja um það sérstaklega til íþrótta- og tómstundafulltrúa.

12. gr. Ekki er heimilt að æfingar í barna – og unglingaflokkum fari fram nema þjálfari sé til staðar sbr. reglur um íþróttamannvirki.

13. gr. Fulltrúar aðildarfélaga skulu leitast við að eiga góð samskipti við starfsmenn íþróttamannvirkja og upplýsa þá tímanlega ef um breytingar verða á nýtingu tíma.

14. gr. Íþrótta- og tómstundafulltrúi skal annast framkvæmd þessra reglna og verði ágreiningur um einstök atriði þeirra skal honum vísað til Fræðslu- og frístundanefndar.

Samþykkt í fræðslu- og frístundanefnd 2. september 2015

Staðfest af bæjarstjórn 9. september 2015